

**Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu WorldArchery (WA) og fer eftir reglum og lögum þess. Reglur BFSÍ skulu vera í samræmi við reglur og lög WA.**

## Met

### Íslandsmetahæf mót:

Hægt er að slá Íslandsmet á mótum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði.

1. Að mótið sé skráð í mótakerfi BFSÍ.
2. Að mótið fari eftir reglum WA eða BFSÍ þar sem við á.
3. Að landsdómari eða dómari með hærrí dómaraþáttu dæmi á mótinu.
4. Að skotsvæði sé í samræmi við reglur WA um uppsetningu vallar.
5. Að rafrænar niðurstöður og skráning séu gerðar í samræmi við reglur BFSÍ/WA.

Til staðfestingar á Íslandsmetum er nægilegt að vísa í rafrænar niðurstöður IANSEO af mótum sem uppfylla skilyrðin hér fyrir ofan.

BFSÍ tekur ekki ábyrgð á því að uppfæra Íslandsmetaskrá með metum nema metin hafi verið tilkynnt í gegnum viðeigandi form á [bogfimi.is](http://bogfimi.is). Íslandsmet þarf að tilkynna til BFSÍ í síðasta lagi 30 dögum eftir að móti lýkur sem metið var slegið á.

Íslandsmet er hægt að slá í öllum aldursflokkum, fjarlægðum og skífustærðum sem keppt er í á Íslandsmótum. Formanni BFSÍ er heimilt að bæta við Íslandsmetum fyrir önnur form af viðburðum sem skilgreindir eru í reglum WA, ef slíkir viðburðir eru haldnir reglubundið á Íslandi.

Nýtt Íslandsmet þarf að vera a.m.k. 1 stigi hærra en núverandi met.

Einstaklingar sem mega keppa um Íslandsmeistaratitil í ákveðnum flokki geta slegið Íslandsmet í þeim flokki.

### Evrópu/heimsmetahæf mót:

Sé um Evrópumet og/eða heimsmet að ræða þarf að tilkynna það tafarlaust eftir lok móts til BFSÍ, ásamt upprunalegu skorblaði, eða afriti undirrituðu af dómara mótsins og vottum. Sjá nánar í reglubók WA um heimsmet.

Til þess að mót skráist sem Evrópu- og heimsmetahæft þarf að óska sérstaklega eftir því í tölvupósti til BFSÍ minnst 20 dögum áður en mótið hefst.

Evrópu- og heimsmetahæf mót þurfa að mæta sömu kröfum og Íslandsmetahæf mót. Til viðbótar skal landsdómari stig 2 vera yfirdómari á heims- og Evrópumetahæfum mótum innan vébanda BFSÍ.

### Íslandsmetaskrá og gilding nýrra meta:

Framkvæmdastjóri BFSÍ tekur við tilkynningum um Íslandsmet staðfestir að upplýsingar séu réttar, uppfærir Íslandsmetaskrá og heldur utan um Íslandsmetaskrá á vefsíðu sambandsins.